

Fréttabréf Gefnarborgar

September 2008

Viðburðir síðustu vikna

Margt skemmtilegt hefur verið í gangi frá því við opnuðum eftir sumarfrí. Má þar nefna Dýravíkuna sem var mjög fjörug og skemmtileg og fengum við margar tegundir af dýrum í heim-sókn. Húsblessun þar sem séra Björn Sveinn blessaði nýbygg-inguna að viðstöddum gestum. Samgönguvikan þar sem fræðslan einkenndist af umræðum um mengun og ýmis verkefni voru unnin í tengslum við það. Henni lauk síðan með hjóladegi sem heppnaðist frábærlega vel. Af þessu sést að það er fjölmargt að gerast hjá okkur í leikskólanum og vonandi mun komandi vetur einkennast af fjölbreyttu og skemmtilegu starfi.

Starfsmannabreytingar

Töluverðar breytingar hafa orðið á starfsmannahópnum okkar í haust og vonandi fer að sjást fyrir endann á þeim. Breytingarnar hafa verið auglýstar jafnóðum. Nýjustu breytingarnar eru þær að Njóla er farin í barneignarfrí og 1. október byrjar Sæunn S. Guð-jónsdóttir.

Í vetur verður mönnun með eftirfarandi hætti:

Rekstraraðili: Hafrún Víglundsdóttir

Leikskólastjóri: Elsa Pálsdóttir

Þroskaþjálfari: Aldís Búadóttir

Eldshús: Lilja og Þóra Sigga

Afleysing: Anna Sóley

Kátakot: Deildarstj. Julia leikskólakennari, Ágústa, Ólavía, Esther og Sæunn

Sælukot: Deildarstj. Arna Ósk, Dóra Steina, Sædís og Dís

Hálsakot: Deildarstj. Ragnheiður, Eva Rut, Helena og Ester

Vinakot: Deildarstj. Hildur leikskólakennari, Sylwia, Þóra og Ásta.

Kveðja starfsfólk

Kæru foreldrar

Nú er komið haust og vetrarstarfið byrjað af fullum krafti. Eftir sumarfrí tókum við í gagnið nýja deild sem heitir Hálsakot. Skipulagið hjá okkur í vetur verður þannig að einn árgangur verður á hverri deild.

Við byrjuðum með skipulagt starf 1. september s.l. og verður það með svipuðu sniði og undanfarin ár. Megináherslurnar verða þær sömu þ.e. stuðst verður við kenningar Howard Gardners þar sem hver einstaklingur fær að njóta sín þar sem hann er sterkastur. Áfram verður unnið með umhverfismennt og fjölmenningu og sérstök áhersla verður á markvissa málörvun og lestur bóka. Þróunarverkefninu okkar Virðing og jákvæð samskipti lauk formlega í sumar en að sjálfsögðu ætlum við að halda áfram með þær áherslur sem þar var unnið með. Við höldum áfram að vinna með lífsgildin frið, hjálpsemi, gleði, kærleika og virðingu. Margt áhugavert og spennandi verður á dagskrá hjá okkur í vetur þannig að vonandi eigum við skemmtilegan og ánægjulegan tíma í vændum.

Við viljum minna ykkur á heimasíðuna okkar á slóðinni <http://gefna borg.svgardur.is>

Lestarátak

Í vetur ætlum við að vera með sérstakt átak í lestri. Við ætlum að leggja mikið upp úr lestri bóka og fá ykkur foreldra í lið með okkur. Einnig ætlum við að leggja áherslu á læsishvetjandi umhverfi í leikskólanum. Nánari útfærsla verður auglýst síðar.

Grænmetisdagur

Næsta föstudag þ.e. 26. september verður grænmetisdagur. Þá mega börnin koma með uppáhalds grænmetið sitt í leikskólann, þau skera það niður og búa til sameiginlegt salat. Síðan verður grænmetisveisla þar sem hollustan verður í fyrirrúmi.

Brunaæfing

Mánudaginn næsta þ.e. 29. september verður brunnaæfing hér í leikskólanum. Þá koma fulltrúar frá Brunavörnum Suðurnesja og setja reyk inn í leikskólann og við þurfum að rýma húsið.

Foreldrakaffi / foreldrafundur

Foreldrakaffi verður hér í leikskólanum 30. sept.—3. okt. n.k. Þá verður hver deild með sinn dag þar sem foreldrum er boðið að borða morgunmat með börnunum sínum. Eftir matinn verður 30—40 mínútna fundur með foreldrum þar sem starfsfólk deildarinnar fer yfir starfsemi vetrarins.

Foreldrakaffið hjá **Vinakoti verður þriðjudaginn 30. september kl. 8:15 og fundurinn hefst kl. 8:45.** Hjá **Sælukoti verður það miðvikudaginn 1. október, hjá Kátakoti fimmtudaginn 2. október og á Hálsakoti föstudaginn 3. október á sama tíma.**

Skipulagsdagur

Þriðjudaginn 14. október verður skipulagsdagur hér í leikskólanum. Þá verður leikskólinn lokaður.

Afmælissýning 17.—19. október n.k.

Í tilefni af 100 ára afmæli Garðsins verður sýning og kynning á fyrirtækjum og stofnunum í Garðinum í íþróttahúsinu helgina 17.—19. október n.k. Þar verður leikskólinn með bás þar sem starfið í Gefnarborg verður kynnt og sýndar verða ljósmyndir og verk eftir börnin. Börnin koma til með að syngja fyrir gesti og verður það nánar auglýst síðar.

Foreldrasamtöl

Dagana 27.—29. október verða foreldrasamtöl þar sem foreldrar fá tækifæri til að ræða við starfsfólk um sitt barn og það sem þeim liggur á hjarta í sambandi við það.